



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 40. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 1. september 2016, kl 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Arnheiður R. Almarsdóttir varamaður Sigurðar G. Böðvarssonar, Guðrún Brynleifsdóttir, Helgi Héðinsson, Friðrik Jakobsson, og

Jón

Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 22. ágúst 2016
3. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 29. ágúst 2016
4. Fundargerð Landbúnaðar og girðinganefndar frá 28. júlí 2016
5. Fundargerð Skólanefndar frá 25. ágúst 2016
6. Rekstraryfirlit jan-júlí 2016
7. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016
8. Bréf Önnu V. Skarphéðinsdóttur, Birnu Björnsdóttur, Gerðar Benediktsdóttur, Rósu E. Sigurjónsdóttur, Þórunnar Einarsdóttur og Þórunnar Snæbjörnsdóttur ó.d.
9. Bréf Framsýnar stéttarfélags til ASÍ dags. 16. júlí 2016
10. Bréf framkvæmdastjóra Búseta á Norðurlandi dags. 15. júlí 2016
11. Bréf Sparisjóðs Suður Þingeyinga dags. 25. júlí 2016
12. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 15. ágúst 2016
13. Bréf Landeigenda Reykjahlíðar ehf dags. 10. ágúst 2016
14. Bréf Þjóðskrár Íslands dags. 14. júní 2016
15. Bréf skólastjóra Tónlistarskóla Akureyrar dags. 17. ágúst 2016
16. Bréf skólastjóra Tónlistarskóla Akureyrar dags. 22. ágúst 2016
17. Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 24. júní 2016
18. Fjárhagsáætlun Dvalarheimilsins Hvamms 2016
19. Ráðning sveitarstjóra
20. Slægjufundur 2016
21. Skýrsla sveitarstjóra- munnleg

Efni til kynningar

Stjórnarfundur Eyþings frá 31. maí 2016

Stjórnarfundur Eyþings frá 27. júní 2016

1. Oddviti setti fund og lagði til að nýjum liðum 3. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 29. ágúst 2016 og 4. fundargerð Landbúnaðar og girðinganefndar frá 28. júlí 2016. Jafnframt að nýjum lið 16. Bréf skólastjóra Tónlistarskóla Akureyrar frá 22. ágúst 2016, yrði bætt á dagskrá. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur. Samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 22. ágúst 2016. Fundargerðin er í níu liðum.
Liður 1. Vogar 1. Deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykki deiliskipulagstillöguna svo breytta, með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í bókun skipulagsnefndar. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku

deiliskipulagstillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Liður 2. Hótel Reykjahlö. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir breytingartillögu aðalskipulagsins með áorðnum breytingum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda tillögunna til Umhverfisstofnunar til yfirferðar eins og Skipulagsstofnun gerir kröfu um.

Liður 3. Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða. Breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn samþykkir breytingartillögu aðalskipulagsins með þeim breytingum sem fram komu í umfjöllun skipulagsnefndar og felur jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem búið er að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Liður 4. Olnbogaás 1, Hótel Laxá. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Sveitarstjórn að samþykkir deiliskipulagstillöguna svo breytta með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í bókunum skipulagsnefndar. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagstillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Liður 6. Baldursheimur 2. Landskipti

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við landskiptin og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna landskiptanna og stofnun lóðarinnar í Fasteignaskrá.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Fundargerð skipulagsnefndar frá 29. ágúst 2016. Fundargerðin er í tveimur liðum.

Liður 1. Vaðalda. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórn staðfestir eftirfarandi niðurstöðu skiplagsnefndar:

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur Skútustaðahreppur farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila og umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra.

Niðurstaða Skútustaðahrepps er að framkvæmdir við fyrirhugaða smávirksjun við Vaðöldu séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn felur jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri virksjun skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og á grundvelli gildandi deiliskipulags og framlagðra gagna.

Vegna ábendinga frá forsætisráðuneytinu verði eftirfarandi ákvæði sett inn í framkvæmdaleyfið: „Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/19998 um þjóðlendur og marka eignarlendna, þjóðlendna og afrétta“

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

4. Fundargerð Landbúnaðar og girðinganefndar frá 28. Júlí 2016. Fundargerðin er í þrem liðum.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
5. Fundargerð Skólanefndar frá 25. ágúst 2016. Fundargerðin er í sex liðum.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
6. Sveitarstjóri lagði fram rekstaryfirlit fyrstu 7 mánaða ársins 2016. Tekjur eru í samræmi við áætlun. Gjöld A-hluta eru undir áætlun og gjöld B- hluta eru í samræmi við áætlun.

7. Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2016.

<i>Félagsþjónusta</i>			
02-15-4395	Félagsleg heimaþjónusta	3.000.000	hækkun
02-30-9417	Barnaverndarnefnd	1.000.000	hækkun
<i>Fræðslumál</i>			
04-11-1110	Laun Leikskóli	1.000.000	hækkun
<i>Umferðar og samgöngumál</i>			
	61 Snjómokstur	2.000.000	hækkun
<i>Fjárfestingar</i>			
Breytingar á leikskóla		8.000.000	hækkun


Auknum útgjöldum er mætt með hækkun skammtímaláns.


Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka.

8. Í bréfinu óska bréfritarar eftir annarri aðstöðu fyrir félagsstarf eldri Mývetninga. *Sveitarstjóra falið að ræða við bréfrítara.*
9. Í bréfinu óskar Framsýn eftir fundi með fulltrúum ASÍ og sveitarfélaganu í Þingeyjarsýslum til þess að ræða möguleika á uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis á grundvelli nýsamþyktra laga um almennar leiguíbúðir. *Sveitarstjórn lýsir áhuga á að fylgjast með framvindu mála og felur oddvita og sveitarstjóra að sækja umræddan fund.*
10. Í bréfinu er lýsir Búseti á Norðurlandi yfir vilja til að eiga alvarlegar viðræður við fulltrúa sveitarfélaga á NA-landi með það fyrir augum að byggja nokkurn fjölda íbúða fyrir lágtekjufólk undir lagaramma um svokallaðar “almennar íbúðir.” Undir þessum lið voru einnig lögð fram bréf frá íbúðalánasjóði um framkvæmd laga um almennar íbúðir og einnig minnisblað frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar á sveitarfélögin. *Sveitarstjórn lýsir yfir áhuga að eiga viðræður við Búseta á Norðurlandi og nágrannasveitarfélögin um málið.*
11. Á aðalfundi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga sem haldinn var þann 2. maí 2016 var samþykkt að auka stofnfé sjóðsins um allt að 140 milljónir króna. Áformað er að selja a.m.k helming þess stofnfjár til nýrra stofnfjárhafa. Í bréfinu er þess óskað að Skútustaðahreppur taki þátt í stofnfjárukningunni. *Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að kalla eftir nánari upplýsingum frá stjórnendum sjóðsins vegna málsins.*
12. Í bréfinu er óskað tilnefningar eins fulltrúa í samstarfshóp stjórnvalda um endurskoðunar stjórnunar og verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá. *Sveitarstjórn tilnefnir Helga Héðinsson sveitarstjórnarfulltrúa.*
13. Í bréfinu er óskað þess að gengið verði frá uppgjöri á greiðslu landleigu vegna gámasvæðis við Múlaveg tíu ár aftur í tímann. Í bréfinu kemur fram að svæðið er utan landleigusamnings frá 1968 og að enginn samningur sé í gildi um svæðið sem sveitarfélagið hafi notað frá því fyrir síðustu aldamót. Þá kemur fram að sanngjörn leiga sé 50 kr pr. m² fyrir árin 2006-2012 og 100 kr. pr. m² fyrir árin 2012-2016. Í bréfinu er jafnframt óskað eftir að sveitarfélagið gangi frá umræddu gámasvæði fyrir árslok 2016 þannig að möl, gróður og öll mannanna verk ferð fjarlægð að því marki sem hægt er. Bréfinu fylgir jafnframt reikningur fyrir 1047 m² fyrir umrædda leigu, dagsettur 12. ágúst 2016. *Sveitarstjórn hafnar umræddum reikningi á grundvelli almenns fyringarfrests krafna sem er fjögur ár. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Landeigenda Reykjahlíðar ehf. um uppgjör vegna umrædds svæðis og frágang þess. Helgi Héðinsson vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðar.*
14. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið 31. maí ár hvert og tekur nýtt fasteignamat gildi 31. desember ár hvert sbr. 32. gr. laga nr. 6/2001. Samkvæmt endurmatinu hækkar mat fasteigna í Skútustaðahreppi árið 2017 um 5,2% og lóðamat um 5,5%.
15. Í bréfinu er óskað að Skútustaðahreppur greiði kostnað vegna tónlistarnáms á miðstigi fyrir Margrétu H. Egilsdóttur Vagnbrekku, Skútustaðahreppi á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Samkvæmt umræddu samkomulagi mun jöfnunar sjóður sveitarfélaga greiða þennan kennslukostnað að hluta. *Sveitarstjórn samþykkir að greiða umræddan kostnað vegna skólaársins 2016-2017. Guðrún Brynleifsdóttir vék af fundi undir þessum lið.*


16. Í bréfinu er óskað að Skútustaðahreppur greiði kostnað vegna tónlistarnáms á grunnstigi fyrir Helga James P. Þórarinsson Birkihrauni 11, Skútustaðahreppi á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Samkvæmt umræddu samkomulagi mun jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða þennan kennslukostnað að hluta. *Sveitarstjórn samþykkir að greiða umræddan kostnað vegna skólaársins 2016-2017.*
17. Í bréfinu er vakin athygli á tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar á grundvelli 107. og 108 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bréfið var lagt fram til kynningar.
18. Lögð fram rekstaráætlun Dvalarheimilis Hvamms fyrir árið 2016. Samkvæmt áætluninni er hlutur Skútustaðahrepps 3.572.314 kr. *Sveitarstjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leiti.*
19. Oddviti fór yfir stöðu ráðingarferlis sveitarstjóra sem unnið er í samvinnu við Capacent. Stefnt er að því að ganga frá ráðningu í fljótlega.
20. Sveitarstjórn felur Hrafnhildi Geirsdóttur að kalla saman undirbúningsnefnd Slægjufundar 2016.
21. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10:00



Yngvi Ragnar Kristjánsson


Arnheiður Rán Almarsdóttir


Guðrún Brynleifsdóttir


Helgi Héðinsson


Friðrik Jakobsson


Jón Óskar Pétursson